

Umsókn um styrk úr þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn

Anna Bjarnadóttir

Kennitala

2403713679

Ábyrgðamaður/-menn verkefnis

Nafn/nöfn

Rósa Berglind Arnardóttir og Anna Bjarnadóttir

Vinnustaður

Bæjarból

Netfang

rosaar@leikskolarnir.is og annab@leikskolarnir.is

Samstarfsaðilar

Tengiliður

Jenný Ingadóttir

Vinnustaður

Landlæknisembættið

Netfang

jenny@landlaeknir.is

Tengiliður

Auður Skúladóttir - íþróttakennari

Vinnustaður

Bæjarból

Netfang

audursk@leikskolarnir.is

Tímasetning verkefnis

Upphafsdagur

01.08.2017

Lokadagur

01.08.2018

Heiti verkefnis

Heilsueflandi leikskóli

Hvernig verður markmiðum náð? - Matsáætlun

Markmið verkefnisins er tvíþætt annars vegar :

Að styðja við heilsustefnu leikskólans Bæjarbóls og taka þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskólar á vegum landlæknisembættisins. Á vef embættisins kemur fram að heilsueflandi leikskóli muni leggja sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk

Hins vegar:

Að halda áfram að bæta við heilsustefnuna sem unnið er með á Bæjarbóli með því að meta hvernig við stöndum með tilliti til gátlista og viðmiða heilsueflandi leikskóla, skoða hvað má bæta og hvað er vel gert.

Leiðir að markmiðum:

Gátlistar útfylltir að hausti til að skoða stöðuna og gera grein fyrir hvar skóinn kreppir, hvar þarf að bæta. Sérstök áhersla lögð á að vinna með geðrækt barna og starfsfólks, andlega líðan, jafnvægi á milli hvíldar og hreyfingar og að lágmarka streitu í umhverfinu.

Þetta verður gert með að rýna í dagskipulag og greina það. Hversu mikil hreyfing, hversu mikil hvíld, hversu mikill frjáls leikur (sjálfræði barna), hversu mörg börn í rými á sama tíma (áreiti), hvernig tekið á móti börnum, hvernig tekið á agamálum, hvernig er hrósað og styrkt fyrir jákvæða hegðun. Þessar spurningar teknar fyrir á hverri deild fyrir sig, greint og skoðað.

Verkefnið verður jafnframt sett inn í starfsáætlun og matsáætlun næsta skólaárs.

Fyrirlestur um hvíld og líðan barna (sálfræðingur/svefnráðgjafi) á haustönn.

Styrking starfsmannahópsins í gegnum hópefli og hvatningu, fyrirlestur á vorönn (vinnusálfræðingur).

Endurmat starfsmanna janúar 2018 og maí 2018

Viðhorfskönnun meðal elstu árganga um hvenær þeim líður vel í leikskólanum.

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Leikskólinn Bæjarból hefur frá árinu 2010 verið heilsuleikskóli og í samtökum heilsuleikskóla. Lögð er áhersla á að stuðla að heilsuefingu og auka vellíðan og gleði barna með áherslu á góða næringu, hreyfingu og listsköpun. Í skólanámskrá leikskólans er því lögð áhersla á heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl barnanna til frambúðar. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að einn af grunnþáttum menntunar er heilbrigði og velferð sem og eitt af fjórum námsviðum leikskólans. Leikskólinn hefur starfað eftir viðmiðum heilsustefnunnar í hartnær 7 ár og er ávallt nauðsynlegt að endurmeta stöðu mála, sjá hvar unnt er að gera betur og bæta við. Þannig teljum við að verkefnið heilsueflandi leikskólar sé gott tækifæri til að endurmeta vinnu með námsviðið heilbrigði og velferð og þróa vinnuna enn frekar. Mikið hefur áunnist á þeim sjö árum sem áhersla hefur verið á heilsustefnuna, sérstaklega í tengslum við hreyfingu, mataræði og sköpun en í nútímasamfélagi teljum við nauðsynlegt að vinna nánar með geðrækt og andlega líðan barna, áreiti og hvíld. Ekki síst vegna þess að hraðinn í samfélaginu verður sífellt meiri, börnin eru í stórum hópum lungann úr deginum í leikskólanum og áreiti mikil. Kvíði barna er sífellt meira í umræðunni og ástæða til að stuðla að meiri hugarró.

Tenging við áherslupætti sjóðsins

- ☒ Innra mat og skólaþróun
- ☐ Upplýsingatækni í kennslu og gerð námsefnis
- ☒ Samskipta- og félagsfærni
- ☒ Hreyfing og velferð
- ☐ Sjálfbærni
- ☐ Samvinna innan og á milli skóla og skólastiga

Ávinningur verkefnisins fyrir leikskólann og skólasamfélagið í Garðabæ

Fyrstu ár barnsins eru mikilvægt skeið í lífinu ekki síst með tilliti til tilfinninga- og félagsproska. Eðlilegur þroski barna er háður ánægjulegum tengslum við aðra og öryggi. Mikilvægt er að umhverfi ungra barna einkennist af stöðugleika og hlýju, þar sem þau finna til öryggis, eru sátt og tilbúin í störf og leiki. Í skólanámskrá leikskólans er lögð áhersla á heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl barnanna til frambúðar. Eins og kemur fram hér að ofan er í nútímasamfélagi mikið áreiti og hraði allt í kringum okkur. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að vinna nánar með geðrækt og andlega líðan barna, lágmarka óæskileg áreiti og skapa svigrúm fyrir hvíld í amstri dagsins og ró. Það er áhyggjuefni margra að kvíði barna og ungmenna virðist aukast og mikil umræða um ástæður þess. Þess vegna teljum við mikilvægt að leitast við að stuðla að meiri hugarró hjá ungum börnum og efla þau í að takast á við verkefni lífsins með jákvæðu hugarfari. Þannig sköpum við góðan grunn á fyrstu árum að heilsusamlegu líferni í viðum skilningi sem vonandi skilar sér í áframhaldandi skólagöngu sem hefur góð áhrif á skólasamfélagið í heild sinni.

Verkefnið heilsueflandi leikskólar tekur á fjölmörgum mikilvægum þáttum varðandi heilbrigði og vellíðan og heilsuleikskólinn Bæjarból mun sjá ávinning að því að vita hvar hann stendur í heilsueflandi starfi, meta það og

ákvarða framhaldið.

Tímasett framkvæmdaráætlun - Helstu verkþættir - Hvenær eru þeir unnir?

Fylgiskjal 1 - Helstu verkþættir og hvenær unnið :

Undirb:

Skráning þátttöku sem heilsueflandi leikskóli -mars 2017

Gátlistar vegna heilsueflandi leikskóla verkefnis yfirfarnir og staðan metin - júní-okt

Framkvæmd:

Skráningarblið útbúið til að meta dagskipulag deilda - sept 2017

Sett í starfsáætlun vetrar og matsáætlun - ágúst - sept 2017

Farið yfir verkefnið á deildarstjórafundum, skipt niður verkefnum og kynnt áfram á starfsmannafundi í september.

Deildarstjórar skipuleggja vinnu inn á deildum á skipulagsdegi haust 2017

Skráningar á þáttum í dagskipulagi okt -nóv. Hvíkur, stærð hópa, hrós, agi, árekstrar barna.

fyrirlestur um hvíld og heilsu í okt-nóv.

jan - feb 2018 unnið úr gögnum úr skráningum á starfsmannafundi og fagfundi.

fyrirlestur vinnusálfræðingur - mars 2018

Eftirfylgni:

Endurmat starfsmanna á skipulagsdegi í janúar 2017 og aftur í maí 2017

Mars - viðhorfskönnun barna

Bætt dagskipulag

Ábyrgðarmenn verkefnisins 3 starfsmenn fylgja verkefninu eftir

Þróunarskýrsla gerð

Leikskólinn fær leyfi til að kalla sig Heilsueflandi leikskóli í samræmi við áherslur landlæknisembættisins

fylgiskjal 2 - Framkvæmdarit fyrir verkefnið Heilsueflandi leikskóli - Bæjarból (sjá kostnaðaráætlun)

Ráðgjafar verkefnisins

Nafn

Jenný Ingadóttir

Hlutverk

tengiliður við Landlæknisembættis

Nafn

Arna Skúladóttir

Hlutverk

fræðsla um svefn barna

Nafn

Barnasálfræðingur (Hrafnhildur Lilja Harðardóttir?)

Hlutverk

Fræðsla um kvíða barna

Kostnaðaráætlun - Um áætlaðan raunkostnað er að ræða

Kostnaðarliður:

Laun þátttakenda samtals:

60 tímar = 450.000

Tímafjöldi x 7.500 kr

Laun sérfræðinga og ráðgjafa/námskeið, samtals:

10 tímar = 120.000

Tímafjöldi x 12.000 kr

Efniskaup, samtals:

Bækur, leikföng = 50000

Samtals áætlaður kostnaður:

620.000

Efniskaup, sundurliðun

Svefn barna fræðslubók = 5000

kvíði barna fræðslubók= 5000

efni fyrir kósýkrók á deild = 15000

jógaspjöld-jógaefni=10000

Heyrnartól f. börn (loka á hljóð/hávaða) = 15000

Kostnaðaráætlun:

Framkvæmdarit heilsuefl.leiksk. 2017 - 2018.xlsx

Garðabær dags.

29.03.2017

Ábyrgðamaður umsóknar

Anna Bjarnadóttir leikskólastjóri Bæjarbóls